



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

FRÉTTATILKYNNING

Nr.: 3/2005

Dagsetning: 7. apríl



ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISDAGURINN 7. APRÍL

Sérhver móðir – sérhvert barn

(Make every mother and child count)

Alþjóðaheilbrigðisdagurinn er í dag og er hann haldinn undir kjörorðinu **Sérhver móðir – sérhvert barn** (*Make every mother and child count*). Í tilefni dagsins var efnt til morgunverðarfundar á Nordica hótelinu í á morgun. Fundurinn var á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Landlæknisembættisins, Heilsugæslunnar í Reykjavík, Lýðheilsustöðvar, og Landspítala - háskólasjúkrahúss. Var á fundinum fjallað um heilsufar mæðra og barna hérlendis og í alþjóðlegu samhengi og fjallað um þá félagslegu þætti sem hafa áhrif á heilsufar mæðra og barna. Að loknu ávarpi Sigurðar Guðmundssonar, landlæknis, voru flutt fjögur erindi sem undir kjörorðinu Sérhver móðir – sérhvert barn og að lokum var efnt til pallborðsumræðna og fyrirspurna.

Geir Gunnlaugsson, barnalæknir og forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna, fjallaði um **Heilsu mæðra og barna í alþjóðlegu samhengi**, Anna Björg Aradóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu, flutti erindið **Félagslegir áhrifaþættir – af hverju eru sumir heilbrigðari en aðrir?**, Hildur Kristjánsdóttir, ljósmóðir á Heilsugæslustöðinni Sólvangi, flutti erindi um **Mæðravernd á Íslandi**, og Sesselía Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Miðstöð heilsuverndar barna flutti erindið **Ung- og smábarnavernd fyrir sérhvert barn**.

Það er Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sem hvetur aðildarþjóðir sínar til að beina kastljósinu að mæðrum og ungum börnum að þessu sinni meðal annars til að vekja menn til vitundar um að í ár deyja 11 milljónir barna fimm ára og yngri vegna einhvers sem koma má í veg fyrir. **Geir Gunnlaugsson**, barnalæknir, dró einmitt fram í erindi sínu þessar staðreyndir. Hann vakti athygli á að árlega "lætur hálf milljón mæðra lífið í tengslum við þungun og fæðingar. Þegar barnið er fætt má reikna með að 3-4 milljónir þeirra deyi á fyrstu fjórum vikunum og flest þeirra strax á fyrstu viku ævinnar. Þessu til viðbótar er talið að um 7 milljónir barna deyi árlega fyrir fimm ára aldur af völdum sjúkdóma sem hægt er að lækna á einfaldan hátt, eins og t.d. lungnabólgu, niðurgangi og mislingum."

Anna Björg Aradóttir, hjúkrunarfræðingur, fjallaði í fyrirlestri sínum um áhrif samfélagslegra aðstæðna á heilsufar mæðra og barna. Hún sagði m.a. að félagslegir "áhrifaþættir hafa mest að segja um þá byrði sem sjúkdómar og dauði valda á heimsvísu. Einnig hvað varðar heilsufarslegan ójöfnuð milli þjóða og innan samfélaga. Sama hvert er litið þá búa þeir sem minna mega sín við verri heilsu og deyja fyrr en þeir sem eru betur settir."

| | | |
|--|--|--|
| HEIMILISFANG HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Vegmúla 3, IS-150 Sími 545 8700 | UPPLÝSINGAFULLTRÚI HELGI MÁR ARTHURSSON Sími 545 8707 GSM 861 3819 | VEFFANG RÁÐUNEYTIS www.heilbrigdisraduneyti.is PÓSTFANG RÁÐUNEYTIS postur@htr.stjr.is |
|--|--|--|

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin í Genf gefur nú út *World Health Report 2005* og er í skýrslunni lögð áhersla á upplýsingar um heilsufar mæðra og ungra barna þeirra og aðgerðir til að takast á við þann mikla vanda sem blasir við á þessu sviði (<http://www.who.int/whr/2005/en/index.html>)

Nánari upplýsingar um efni frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er að finna á slóðinni: <http://www.who.int/world-health-day/2005/en/> .

Nánari upplýsingar um Alþjóðaheilbrigðisdaginn veitir **Margrét Björnsdóttir**, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í síma 545 8700.